

Föstudagurinn, 19. september 2003

205. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 35/2003

**Kvörtun Kolbrúnar Aðalsteinsdóttur og Landreks ehf.
yfir notkun á heitinu Iceland Fashion Week**

**I.
Málavextir**

Með bréfi, dags. 6. maí 2003, kvartar Ragnheiður M. Ólafsdóttir hdl., f.h. Kolbrúnar Aðalsteinsdóttur og Landreks ehf., yfir kynningu Önnu Svölu Árnadóttur, Súsönnu Kristínar Heiðarsdóttur og Jason Plews á sýningu undir heitinu Iceland Fashion Week.

Í erindinu kemur fram að Kolbrún Aðalsteinsdóttir hafi skipulagt sýningar árin 2000–2002 á Vatnajökli, í Vestmannaeyjum og í Landmannalaugum þar sem erlendir hönnuðir sýndu hönnun fatnaðar og áhorfendur nutu útiveru. Sýningarnar gengu undir nafninu Midnight Sun Fashion Show. Fyrirhugað sé að halda samsvarandi sýningu á Þingvöllum árið 2003 og hafi félagið Landrek verið stofnað til að standa fyrir þeirri sýningu.

Rakið er að í öll skiptin hafi verið um að ræða umfangsmikla dagskrá sem staðið hafi í nokkra daga þar sem haldnar voru sýningar á fatnaði úti í náttúrunni og boðið upp á kynningar, aðallega á íslenskum vörum. Sýningarnar hafi vakið mikla athygli og fjölmargir erlendir blaða- og fréttamenn hafi komið til landsins og kynnt sýningarnar í heimalöndum sínum. Í fjölmiðlum hafi verið fjallað um sýningarnar sem Iceland Fashion Week. Hápunkturinn hafi verið tískusýning sem hafi verið kynnt og um hana fjallað sem Midnight Sun Fashion Show. Heitið Midnight Sun Fashion Show sé skráð vörumerki Icelandic Models sem sé félag í eigu Kolbrúnar. Einnig hafi verið sótt um skráningu heitisins Iceland Fashion Week.

Fram kemur að við framkvæmd sýningarinnar árið 2000 hafi Kolbrún ráðið Önnu Svölu til starfa og hafi hún einnig starfað við sýningarnar 2001 og 2002. Árið 2001 hafi Kolbrún ráðið Súsönnu Kristínu til starfa og starfaði hún einnig við sýninguna 2002. Þá hafi Jason Plews verið ráðinn árið 2002 til að setja upp vefsetur fyrir sýninguna á léninu icelandfashionweek.com.

Haustið 2002 er Kolbrún hafi hafið undirbúning fyrir sýninguna 2003 hafi hún haft samband við Jason Plews til að bjóða honum að sjá um kynningu á vefsetrinu. Þessu hafi Jason hafnað og jafnframt neitað að afhenda Kolbrúnu rétt til lénsins.

Að undanfögnu hafi Kolbrún haft spurnir af því að Anna Svala, Súsanna Kristín og Jason Plews undirbúi sýningu undir heitinu Iceland Fashion Week í júní 2003. Sýning undir þessu nafni sé kynnt á vefsetrinu icelandfashionweek.com þar sem viðskiptavild Kolbrúnar og framlag hennar við skipulagningu og framkvæmd sýninganna 2000–2002 sé nýtt til þess að laða að gesti til sýningar sem sé með sama sniði og hinar fyrri. Þá sé á vefsetrinu beinlínis vísað til þess að um árlega sýningu sé að ræða. Tilgreint sé að skipuleggjendur séu þau Anna Svala, Súsanna Kristín og Jason Plews.

Þá hafi Súsanna Kristín fengið skráð lénnafnið icelandfashionweek.is þann 3. janúar 2003 en enginn vefur hafi enn verið settur upp. Telja kvartendur að skráningin sé eingöngu gerð í þeim tilgangi að koma í veg fyrir að þeir geti notað lénið.

Framangreinda háttsemi telja Kolbrún og Landrek að brjóti í bága við ákvæði 20. og 25. gr. samkeppnislaga og 4. gr. laga nr. 45/1997 um vörumerki. Í kynningunni séu gefnar rangar upplýsingar um að um sé að ræða sömu sýningu og árin á undan. Þá sé skírskotað til þeirra atriða sem notuð voru til markaðssetningar Iceland Fashion Week árin á undan, þ.e. íslenskrar náttúru og íslenskra afurða. Önnu Svölu, Súsönnu Kristínu og Jason Plews sé fullkunnugt um að Kolbrún og Landrek hyggist standa fyrir Iceland Fashion Week sumarið 2003. Augljóst sé að kynningin sé til þess fallin að væntanlegir þátttakendur og fjármögnunaraðilar telji að um sé að ræða sýningu kvartenda og muni þeir því sækja ranga sýningu. Hafi kvartendur fengið fyrirspurnir og gögn sem sýni að utanaðkomandi aðilar rugli þessum sýningum saman.

Ítrekað er að um sé að ræða brot gegn ákvæðum 20. og 25. gr. samkeppnislaga. Þá sé notað heitið Iceland Fashion Week sem Kolbrún hafi notað í þrjú ár á sýningar sem hún hafi skipulagt og hafi öðlast vörumerkjarétt á. Einnig hafi því verið brotið gegn 4. gr. laga um vörumerki.

Í ljósi þess að gera megi ráð fyrir að kynning á sýningunni verði meiri þegar nær dragi er óskað eftir að málið njóti forgangs hjá Samkeppnisstofnun og þess krafist með vísan til 30. gr. samkeppnislaga að Önnu Svölu, Súsönnu Kristínu og Jason Plews verði bannað að:

- auglýsa eða kynna með nokkrum hætti sýningu undir heitunum Iceland Fashion Week, Midnight Sun Fashion Show eða Iceland Fashion Week – Midnight Sun Fashion Show;
- tilgreina að þau eða aðrir standi fyrir tiskusýningu sem haldin hafi verið á Íslandi undanfarin ár;

- skírskota með nokkrum hætti til íslenskrar náttúru í kynningu eða markaðssetningu tískusýninga.

Með erindi kvartenda fylgdi fjöldi gagna sem sýndi notkun kvartenda og Önnu Svölu, Súsönnu Kristínar og Jason Plews á umdeildum heitum, s.s. útprentun af vefsetrinu icelandfashionweek.com þar sem kynnt er Iceland Fashion Week 18.–23. júní 2003.

II.

Málsmeðferð

1.

Erindi Kolbrúnar Aðalsteinsdóttur og Landreks var sent Önnu Svölu Árnadóttur og Súsönnu Kristínu Heiðarsdóttur til umsagnar með bréfum dagsettum 9. maí 2003. Svar barst frá Katrínu Helgu Hallgrímsdóttur hdl., f.h. Önnu Svölu, Súsönnu Kristínar og Jason Plews, dags. 14. maí 2003.

Í bréfinu er rakið að Kolbrún hafi átt umboðsskrifstofuna Íslenskar fyrirsætur ehf. og hafi sýningarnar árin 2000–2002 verið haldnar á vegum félagsins. Anna Svala hafi verið stjórnarmaður og prókúruhafi félagsins á þeim tíma og sinnt veigamiklu hlutverki við framkvæmd sýninganna. Félagið hafi verið úrskurðað gjaldþrota í október 2002 og hafi Anna Svala tekið á sig verulegar fjárhagslegar skuldbindingar vegna þess.

Vörumerkið Midnight Sun Fashion Show sé lögum samkvæmt í eigu þrotabús Íslenskra fyrirsæta ehf. en ekki kvartenda. Kolbrún hafi því ekki heimild til að nýta sér nafnið eins og staðan sé í dag og heldur ekki rétt til að krefjast þess að aðrir noti það ekki. Það sé þó ekki fyrirhugað af hálfu Önnu Svölu, Súsönnu Kristínar og Jason Plews að nota nafnið Midnight Sun Fashion Show í tengslum við sýningar sem kunní að vera skipulagðar í framtíðinni.

Fram kemur að á árinu 2002 hafi Jason Plews gengið til samstarfs við Kolbrúnu og átti hann að setja upp vefsetur fyrir sýninguna í Landmannalaugum það ár og afla styrkja. Plews hafi að eigin frumkvæði sett upp vefsetrið á léninu icelandfashionweek.com og sé það skráð 20. mars 2002. Hafi hann valið það heiti fyrst og fremst til að auðvelda öflun styrkja og sé nafnið alfarið hugarsmíð hans. Heitið hafi á þeim tíma aldrei verið notað áður í tengslum við sýningarnar, hvorki af Kolbrúnu, félagi hennar né öðrum aðilum. Kolbrún hafi ekki haft í hyggju að nota nafnið á sýningu sem hún, ásamt öðrum, skipulagði í Landmannalaugum 2002. Kolbrún hafi aldrei notað nafnið í tengslum við sýningu á hennar vegum og því fráleitt að halda því fram að hún eða nýstofnað félag hennar gætu hafa öðlast vörumerkjarétt á nafninu. Kvartendur hafi lagt fram gögn með kvörtun sinni sem

styðji þetta þar sem heitið Iceland Fashion Week sé hvergi að finna fyrr en sumarið 2002 og þá eingöngu af erlendum aðilum og á ofangreindri heimasíðu. Hvergi hafi verið vísað til sýningarinnar undir þessu nafni, hvorki í auglýsingum né viðtölum. Þá sé ekki rétt að heitið hafi verið notað um fyrri sýningar, þær hafi verið auglýstar á vefsetri á léninu icelandicmodels.is undir krækju sem hét Midnight Sun Fashion Show.

Þá segir að skráningu vörumerkisins Iceland Fashion Week verði mótmælt hjá Einkaleyfastofu. Það sé ekki hlutverk samkeppnifyfirvalda að skera úr um rétt til vörumerkis, það muni leyst af þar til bærum yfirvöldum.

Fram kemur að Jason Plews hyggist í samvinnu við Önnu Svölu og Súsönnu Kristínu nota nafnið Iceland Fashion Week, sem hann hafi átt hugmynd að, á léninu og auglýsa þar tískusýningu undir því nafni. Vefsetrið liggi nú niðri vegna breytinga.

Fyrirhugað sé að halda sýninguna í apríl 2004 en ekki í júní 2003 eins og áður hafði verið auglýst. Það sé fyrst og fremst vegna þess að júní sé háannatími ferðapjónustu á Íslandi og séu fyrirtæki í ferðapjónustu viljugri til að styðja við framtak sem þetta sé það gert utan háannatíma. Gert sé ráð fyrir að sýningin verði skipulögð að erlendri fyrirmynd og haldin í húsnæði Orkuveitunnar við Gvendarbrunna. Þá sé ætlunin að um árlegar sýningar verði að ræða. Þá kemur fram að Súsanna Kristín hafi eignast lénið icelandfashionweek.is og sé vinna við að setja upp vefsetur í fullum gangi.

Þá er því mótmælt að Anna Svala, Súsanna Kristín og Jason Plews megi ekki vísa til þess að þau hafi staðið að tískusýningum undanfarin ár, krafan sé órökstudd og ekki í samræmi við staðreyndir málsins.

Jafnframt er talið að krafa kvartenda um að ekki verði skírskotað til íslenskrar náttúru í kynningu eða markaðssetningu tískusýninga sé með öllu fráleit. Íslensk náttúra sé auðlind í eigu íslensku þjóðarinnar sem enginn geti öðlast einkarétt á. Krafan verði að teljast veruleg höft á samkeppni og vart í samræmi við samkeppnislög. Þá skuli haft í huga að sú sýning sem verið sé að skipuleggja í apríl 2004 sé talsvert frábrugðin þeim sem haldnar voru 2000–2002. Aðalsýningin fari fram í jaðri höfuðborgarinnar, innandyra og á öðrum árstíma.

Þá kemur fram að eðli samkeppni sé slík að markaðshlutdeild þess sem fyrir sé minnki þegar nýir aðilar komi inn á markaðinn. Eðlilegt sé að kvartendur séu uggandi um stöðu sína þar sem fyrrum samstarfsaðilar hyggjast halda tískusýningar hér á landi í samkeppni við fyrirhugaðar sýningar kvartenda. Slíkt verði þó seint talið brjóta í bága við samkeppnislög.

Með vísan til framangreinds mótmæla Anna Svala, Súsanna Kristín og Jason Plews því að hafa á nokkurn hátt brotið í bága við ákvæði samkeppnislaga og telja tilvísanir í brot á góðum viðskiptaháttum með öllu óskiljanlegar. Því er mótmælt að tekin verði bráðabirgðaákvörðun í málinu. Engin sú hætta sé yfirvofandi sem réttlæti bráðar aðgerðir áður en efnisleg niðurstaða sé fengin í málinu og er í því sambandi vísað til þess að fyrirhuguð sýning verði ekki fyrr en í apríl á næsta ári auk þess sem ekki verði séð að háttsemin brjóti í bága við samkeppnislög.

2.

Með bréfi Samkeppnisstofnunar, dags. 14. maí 2003, var bréf Önnu Svölu Árnadóttur, Súsönnu Kristínar Heiðarsdóttur og Jason Plews sent kvartendum til umsagnar. Jafnframt var þar tekið fram að í ljósi þess að fyrirhuguð sýning verði ekki fyrr en í apríl 2004 sæi Samkeppnisstofnun ekki ástæðu til að taka ákvörðun til bráðabirgða í málinu.

Svarið er dagsett 23. maí 2003. Þar er rakið að Kolbrún hafi verið eigandi þess félags sem skipulagði sýningarnar. Anna Svala og Súsanna Kristín hafi verið starfsmenn, ekki hluthafar eða eigendur. Súsanna Kristín hafi starfað við förðun og Anna Svala stjórnað innkomu sýningarfólks. Engu breyti þótt Anna Svala kunni að hafa þurft að taka á sig fjárskuldbindingar vegna félagsins sem prókúruhafi. Það veiti henni engan rétt til að eigna sér sýningarnar. Þær hafi algerlega verið á vegum félagsins. Kolbrún eigi allan rétt til hugmynda sinna og hafi hún ekki selt hugverkarétt sinn (viðskiptahugmyndina, auðkenni eða útfærslur) til félagsins þó svo að haldið hafi verið utan um rekstur sýninganna innan þess.

Rakið er að Jason Plews hafi tekið að sér að setja upp vefsetur fyrir Kolbrúnu og félagið að hennar beiðni. Ekki sé rétt að hann hafi fundið upp heitið Iceland Fashion Week sjálfur heldur hafi fjölmiðlar byrjað að nota það eftir sýningarnar og hafi heitið þannig tengst þessum ákveðnu sýningum. Hafi því verið ákveðið af Kolbrúnu og Jason í sameiningu að heitið gæti verið gott sem lénnafn. Samkomulag hafi verið um að Jason myndi greiða fyrir uppsetningu vefsetursins og átti hann síðan að fá prósentur af styrktarfénu sem inn kæmi. Þegar Kolbrún hafi ætlað að greiða Jason fyrir vinnu og kostnað hafi hann neitað að taka við fénu og viljað nota lénið sjálfur. Slíkt geti ekki talist heiðarlegir viðskiptahættir. Um fyrrnefnt samkomulag geti fyrrum starfsmaður Kolbrúnar vitnað.

Því er alfarið mótmælt að Anna Svala, Súsanna Kristín og Jason Plews fái að nota heitið Iceland Fashion Week fyrir þær sýningar sem þau séu að skipuleggja. Heitið hafi verið tengt sýningum sem Kolbrún hafi skipulagt sl. þrjú ár og ótækt sé að aðrir geti nýtt sér þá vinnu og orðspor við kynningu á öðrum sýningum. Af vefsetrinu komi skýrt fram að verið sé að sýna tengsl við sýningar Kolbrúnar enda komi þar beinlínis fram að sýningin væri árleg og í allri umfjöllun látið í það skína að um sé að

ræða sömu sýningu og Kolbrún hafi staðið fyrir. Tölvupóstur sem Kolbrúnu hafi borist sýni að þau Anna Svala, Súsanna Kristín og Jason Plews hafi náð tilgangi sínum. Pósturinn sýni að fólk tengi sýningu þeirra við sýningar Kolbrúnar og sé ljóst að með þessu sé brotið gegn 20. og 25. gr. samkeppnislaga.

Með svarinu fylgdi afrit umrædds tölvupósts þar sem fram kemur að sendandi hafi leitað upplýsinga um fyrirhugaða sýningu Kolbrúnar á vefsvæðinu icelandfashionweek.com. Dagsetningar og dagskrá standist ekki miðað við fyrri upplýsingar um sýninguna. Þá er þar spurt af hverju nafn Kolbrúnar sé ekki að finna á vefsetrinu.

Að lokum segir í svarinu að málið snúist ekki um minnkandi markaðshlutdeild eða það að halda keppinautum frá. Kröfurnar lúti að því að aðrir aðilar nýti sér ekki þá markaðsfestu og kynningu sem Kolbrún hafi náð með því að nota heiti sem fest hafi sig í sessi sem auðkenni á sýningum hennar. Ekki sé verið að óska eftir úrskurði um rétt aðila til vörumerkis heldur að lagt verði mat á hvort brotið sé gegn 20. og 25. gr. samkeppnislaga.

3.

Með bréfi, dags. 28. maí 2003, var Önnu Svölu, Súsönnu Kristínu og Jason Plews gefinn kostur á að koma að frekari athugasemdum. Bárust þær með bréfi dagsettu 5. júní 2003. Þar er ítrekað að heitið Iceland Fashion Week hafi ekki verið notað um sýningarnar fyrr en eftir að Jason Plews setti upp vefsetur á léninu icelandfashionweek.com. Þau hafi því fullan rétt til að nota það nafn á tískusýningu sem nú sé skipulögð. Ekki verði notaður hugverkaréttur sem Kolbrún gæti átt. Ekki geti hún þó talist eiga hugverkarétt að því að halda tískusýningar hér á landi þar sem boðið væri erlendum fatahönnuðum, fjölmiðlum og fyrirsætum og vísað sé til Íslands eða íslenskrar náttúru í kynningarefni. Slíkar sýningar hafi oft verið haldnar og sé það almennt fyrirbrigði að enginn geti átt til þess hugverkarétt. Þá sé lítið sameiginlegt með fyrirhuguðum sýningum.

Að lokum er ítrekað að sá hugverkaréttur sem hugsanlega gæti verið til staðar tengdur sýningum Midnight Sun Fashion Show sé eðli máls samkvæmt í eigu þrotabús Íslenskra fyrirsæta eins og vörumerkið.

4.

Þann 5. júní 2003 barst Samkeppnisstofnun símbref frá Kolbrúnu Aðalsteinsdóttur og Landreki þar sem fram kom að Einkaleyfastofan hafði samþykkt til skráningar orð- og myndmerkið Iceland Fashion Week. Bréfið var sent áfram til Önnu Svölu, Súsönnu Kristínar og Jason Plews þann 6. júní 2003.

Þann 10. júní 2003 var Kolbrúnu og Landreki sent bréf þremmenninganna frá 5. júní 2003 til umsagnar. Svar barst, dags. 12. júní 2003, þar sem ítrekað var að Kolbrún hefði fengið vörumerkið skráð hjá Einkaleyfastofu. Aldrei hafi verið farið fram á að fá einkarétt til að halda tískusýningar hér landi. Einungis að heitið Iceland Fashion Week væri ekki notað af öðrum til að auðkenna slíkar sýningar og að ekki verði vísað til fyrri sýninga Kolbrúnar þegar slíkar sýningar séu haldnar af öðrum.

Þann 18. júní 2003 var Önnu Svölu, Súsönnu Kristínu og Jason Plews sent bréfið frá 12. júní 2003 til umsagnar. Svárið er dagsett 25. júní og er þar ítrekað að skráningu vörumerkisins verði mótmælt á viðkomandi vettvangi.

5.

Með bréfum, dags. 21. ágúst 2003, tilkynnti Samkeppnisstofnun málsaðilum að gagnaöflun í máli þessu væri lokið. Jafnframt var tilkynnt að málið yrði lagt fyrir fund samkeppnisráðs til ákvörðunar.

III.

Niðurstöður

Á fundi samkeppnisráðs, þann 19. september 2003, var ákvörðun tekin í þessu máli. Þátt í fundinum tóku Kirstín Þ. Flygenring, Atli Freyr Guðmundsson, Karitas Pálsdóttir, Sigurbjörn Þorbergsson og Ragnheiður Bragadóttir.

1.

Í máli þessu er deilt um rétt til notkunar heitisins Iceland Fashion Week fyrir tískusýningar. Kvartendur, Kolbrún Aðalsteinsdóttir og félag hennar Landrek ehf., telja sig eiga heitið en Kolbrún og annað félag hennar Íslenskar fyrirsætur ehf. stóðu fyrir sýningum árin 2000–2002. Anna Svala Árnadóttir, Súsanna Kristín Heiðarsdóttir og Jason Plews sem áður störfuðu fyrir Kolbrúnu telja sig í fullum rétti til notkunar heitisins.

Að mati kvartenda brýtur notkun þremmenninganna á heitinu Iceland Fashion Week í bága við ákvæði 20. og 25. gr. samkeppnislaga og er þess krafist, með vísan til 30. gr. laganna, að Önnu Svölu, Súsönnu Kristínu og Jason Plews verði bannað að:

- auglýsa eða kynna með nokkrum hætti sýningar undir heitunum Iceland Fashion Week, Midnight Sun Fashion Show eða Iceland Fashion Week – Midnight Sun Fashion Show;
- tilgreina að þau eða aðrir standi fyrir tískusýningu sem haldin hafi verið á Íslandi undanfarin ár;
- skírskota með nokkrum hætti til íslenskrar náttúru í kynningu eða markaðssetningu tískusýninga.

Í 20. gr. samkeppnislaga kemur fram að óheimilt sé að hafast nokkuð það að sem brjóti í bága við góða viðskiptahætti í atvinnustarfsemi eins og þeir eru tíðkaðir eða eitthvað það sem óhæfilegt sé gagnvart hagsmunum neytenda. Ákvæðið er almenn vísiregla að því er varðar viðskiptasiðferði og er ætlað að stuðla að góðum síðum í viðskiptum. 25. gr. laganna hljóðar svo:

„Óheimilt er að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því líkt sem sá hefur ekki rétt til er notar eða rekur atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Enn fremur er sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti.“

Í greinargerð með frumvarpi til samkeppnislaga nr. 8/1993 kemur fram að í 25. gr. laganna felist almenn samkeppnisregla um vernd auðkenna og sé hún til fyllingar á vörumerkjavernd. Fyrri málsliður greinarinnar hefur að geyma almennt bann við því að nota auðkenni, t.d. firmanafn og vörumerki, sem annar á. Rétturinn til þessara auðkenna getur hvílt á sérhöggjöf svo sem lögum um vörumerki, lögum um verslunarskrár, firmu og prókúruumboð og því um líku. Samkvæmt greinargerðinni skiptir ákvæðið máli um viðbótarvernd þá sem framangreind sérlæg veiti auðkennunum. Firmanafn er sérstaklega tilgreint í lagagreininni. Þá segir í greinargerðinni að í 2. málslið 25. gr. sé rétturinn til að nota eigin auðkenni takmarkaður á þann veg að óheimilt sé að nota auðkenni þannig að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru auðkenni sem annað fyrirtæki noti með fullum rétti.

2.

Í málinu hefur verið sýnt fram á og óumdeilt er að á árinu 2002 var heitið Iceland Fashion Week notað í tengslum við sýningu sem Kolbrún Aðalsteinsdóttir og félag hennar stóðu að í Landmannalaugum. Þannig var heitið t.d. notað sem lénnafn, icelandfashionweek.com, og sýningin kynnt á vefsetrinu undir því nafni.

Deilt er um hver hafi átt hugmyndina að heitinu. Í máli kvartenda segir að fjölmiðlar hafi byrjað að nota heitið og að Kolbrún og Jason Plews hafi í sameiningu ákveðið að nota heitið sem lénnafn. Skráður eigandi lénsins er Jason Plews og telur hann sig hafa átt hugmyndina að heitinu. Fram hefur komið að hann hafi greitt af því kostnað og séð um uppsetningu vefsetursins. Jafnframt hefur komið fram að Jason Plews hafi hafnað áður umsamdri greiðslu fyrir verkið.

Samkeppnisráð telur óumdeilt að Jason Plews skráði lénið og aflaði styrktarfjár fyrir sýninguna í Landmannalaugum 2002 í umboði Kolbrúnar. Þannig hafi vefsetrið verið sett upp í þágu sýningarinnar og innihaldið upplýsingar um Iceland Fashion Week

2002. Samkeppnisráð tekur fram að það sé ekki ráðsins að úrskurða um hver hafi átt hugmyndina að heitinu við úrlausn þessa máls. Aftur á móti sé ljóst að Jason Plews hafi unnið þessi verk fyrir Kolbrúnu vegna sýningarinnar 2002 en ekki á eigin forsendum.

Þá hefur komið fram að Súsanna Kristín er skráður eigandi lénsins icelandfashionweek.is en samkvæmt upplýsingum á heimasíðunni er það lén nú óvirkt vegna vangoldinna gjalda.

Meðan á málsmeðferð stóð fékk Kolbrún Aðalsteinsdóttir skráð orð- og myndmerkið Iceland Fashion Week hjá Einkaleyfastofu. Merkið var birt í ELS-tíðindum þann 20. júní 2003 og rann frestur til andmæla út þann 20. ágúst 2003 í samræmi við 22. gr. laga um vörumerki nr. 45/1997. Þrátt fyrir það sem fram hefur komið hér að framan um boðuð andmæli Önnu Svölu, Súsönnu Kristínar og Jason Plews við skráningunni hefur Samkeppnisstofnun fengið staðfest hjá Einkaleyfastofu að andmæli komu ekki fram. Skráningin hefur því öðlast gildi. Kolbrún Aðalsteinsdóttir hefur því eignast rétt til orð- og myndmerkisins og eiga því ákvæði 1. ml. 25. gr. samkeppnislaga við í máli þessu og skal þá litið til þess hvort notkun þremmenninganna á heitinu leiði til villandi upplýsinga um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda.

Að mati samkeppnisráðs gefur notkun annarra en Kolbrúnar á heitinu Iceland Fashion Week til kynna tengsl við sýningu sem haldin hefur verið á hennar vegum og jafnframt tengsl á milli aðilanna einkum með hliðsjón af því að báðir starfa við slíkar sýningar. Í þessu sambandi skiptir einnig máli að yfirlýstur vilji Kolbrúnar er að halda áfram slíkum sýningum. Þá hefur verið sýnt fram á rugling milli tilvonandi sýninga þar sem báðir aðilar nota sama heitið. Samkeppnisráð telur því að notkun Önnu Svölu, Súsönnu Kristínar og Jason Plews á heitinu Iceland Fashion Week gefi villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Notkunin brjóti því gegn ákvæðum 1. málslíðar 25. gr. samkeppnislaga.

Jafnframt telur samkeppnisráð að tileinkun Önnu Svölu, Súsönnu Kristínar og Jason Plews á heitinu Iceland Fashion Week eftir að hafa starfað við uppsetningu sýninga með því heiti brjóti í bága við góða viðskiptahætti sbr. ákvæði 20. gr. samkeppnislaga.

Að teknu tilliti til framangreinds telur samkeppnisráð að nauðsynlegt sé að banna Önnu Svölu Árnadóttur, Súsönnu Kristínu Heiðarsdóttur og Jason Plews notkun heitisins Iceland Fashion Week.

3.

Einn liður þessa máls snýr að þeirri kröfu að banna eigi þremmenningunum að kynna að þau hafi staðið að tískusýningum sem haldnar hafi verið á Íslandi undanfarin ár. Eins og fram hefur komið er óumdeilt að allir málsaðilar hafa í einhverju, en þó mismiklu

mæli komið að sýningum síðustu ára. Samkeppnisráð telur að ekki séu lagarök fyrir því að banna þremmenningunum að tilgreina að þau hafi starfað við slíkar sýningar eins og þau sannanlega hafa gert.

Í gögnum sem lögð hafa verið fram er m.a. að finna útprentun af vefsetrinu icelandfashionweek.com. Á vefsetrinu sem er á ensku er að finna kynningu á fyrirhugaðri sýningu þremmenninganna og fullyrðingar sem gefa til kynna að um sé að ræða árlega sýningu, s.s. „*Iceland Fashion Week is a yearly event...*“ og „*Each year...*“. Samkeppnisráð telur að slíkar fullyrðingar gefi til kynna að sýning þremmenninganna sé framhald þeirra sem Kolbrún stóð fyrir. Ekki sé eðlilegt af þeirra hálfu að gefa á nokkurn hátt til kynna að sýning þeirra sé sú sama eða svipuð og þær sýningar sem Kolbrún hefur staðið fyrir. Slíkt feli ekki í sér góða viðskiptahætti. Í ljósi þess að umrædd heimasíða hefur allt frá því í maí síðastliðnum ekki verið aðgengileg telur samkeppnisráð ekki nauðsynlegt að banna þessar fullyrðingar að svo komnu máli.

Ein krafa kvartanda snýr að þeirri kröfu að þremmenningunum verði bannað að skírskota með nokkrum hætti í kynningu eða markaðssetningu tískusýninga til íslenskrar náttúru. Samkeppnisráð telur að tilvísun til íslenskrar náttúru hvort sem er í sambandi við tískusýningar eða annað sé svo almenn að ekki sé unnt að banna slíkt.

Þá er í erindi kvartanda óskað eftir að þremmenningunum verði bönnuð notkun heitisins Midnight Sun Fashion Show. Í ljósi þess að af þeirra hálfu hefur því verið lýst yfir að engin áform séu uppi um notkun þess heitis telur samkeppnisráð ekki ástæðu til að fjalla frekar um þann þátt kvörtunarinnar.

IV.

Ákvörðunarorð:

„Með notkun á heitinu Iceland Fashion Week, s.s. á sýningar, kynningar og lénnöfn, hafa Anna Svala Árnadóttir, Súsanna Kristín Heiðarsdóttir og Jason Plews brotið gegn 1. málslíð 25. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993.

Með heimild í 2. mgr. 30. gr. samkeppnislaga og með vísan til 20. gr. laganna bannar samkeppnisráð Önnu Svölu Árnadóttur, Súsönnu Kristínu Heiðarsdóttur og Jason Plews notkun heitisins Iceland Fashion Week.“